

2. gr.

1. gr. niðurlag III. liðar, orðist svo:
Næturvarzla skal vera opin, sem hér segir:

Mánudaga—föstudaga	kl. 21— 9 næsta morgun
Laugardaga	— 21—10 — —
Helgidaga og almenna frídaga	— 21—10 — —
Aðfangadag og gamlársdag	— 21—10 — —

3. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Lyfjabúðir, sem taldar eru í 1. gr. IV. og VI. skulu í samráði við viðkomandi sjúkrasamlög sjá svo um, að næturlæknir eigi aðgang að nauðsynlegum lyfjum til notkunar í bráðri nauðsyn.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 38. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963, öðlast gildi 15. september 1967.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 11. september 1967.

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.

5. september 1967.

Nr. 132.

AUGLÝSING

um mat á nýjum bifreiðum, er skemmast á leið til landsins.

Ef ný bifreið, sem keypt er og flutt til landsins, verður fyrir verulegum skemmdum við flutning hingað til lands, getur innflytjandi fengið skemmdirnar dregnar frá fullu tollverði bifreiðarinnar, er tollafgreiðsla fer fram, ef þær eru metnar svo sem hér segir:

1. Innflytjandi afhendi viðkomandi tollstjóráskrifstofu innan 14 daga frá því að bifreiðin kom til landsins, skriflega beiðni um matið, þar sem skemmdunum er lýst í aðalatriðum.
2. Séu skemmdirnar svo verulegar, að ástæða þyki til að lækka tollverð bifreiðarinnar vegna þeirra, lætur tollstjóri dómkvadda menn framkvæma matið á kostnað innflytjanda eða váttryggjanda bifreiðarinnar, og verða skemmdirnar þá dregnar frá tollverði hennar (óskemmdrar) samkvæmt matinu, er tollafgreiðsla fer fram. Matinu má þó áfrýja til yfirmats.
Með auglýsingu þessari er felld úr gildi auglýsing nr. 103, 20. maí 1965.

Fjármálaráðuneytið, 5. september 1967.

F. h. r.

Jón Sigurðsson.

Björn Hermannsson.